
Alþingi**Erindi nr. P 135/865**
komudagur 7.12.2007

Reykjavík, 3. desember 2007


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Öldrunarfræðafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007. Þingskjal nr. 50 á 135. löggjafarþingi 2007-2008

Öldrunarfræðafélag Íslands fagnar hverju því skrefi sem tekið er í átt til þess að eldri borgarargeti búið við reisu á eigin heimili þrátt fyrir heilsu- eða færniskerðingu og gerir ekki athugasemdir við orðalag breytinganna.

Öldrunarfræðafélagið vill þó vekja athygli félags- og tryggingamálanefndar á því að í reglugerð um framkvæmd þessa ákvæðis þyrfti að hafa í huga að þessi heimild skuli *ávallt og eingöngu vera nýtt til hagsbóta fyrir lífeyrisþegann*. Með því móti verður mögulegt að stöðva þessar greiðslur ef grunur leikur á að sá sem ætlar sér að annast um lífeyrisþegann er vanhæfur til verksins einhverra hluta vegna en vill halda lífeyrisþeganum heima peninganna vegna.

Virðingarfyllst,
f.h. Öldrunarfræðafélags Íslands


Sigrún Ingvarsdóttir, formaður ÖFFÍ